

Nd.

**419. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa. (Þingskjal 370).

Vér, sem hin háttvirta deild hefir kosið til að íhuga þetta mál, höfum nú tekið það til nýrrar athugunar eftir að það er aftur komið frá efri deild. Deild sú hefir að vísu breytt frumvarpinu all-mikið að forminu til en efnisbreyting hefir hinsvegar engin á því gerð verið frá því, sem samþykkt var hér í deildinni. Vér leyfum oss því að ráða háttvirtri neðri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi 1. apríl 1909.

Sigurður Gunnarsson  
formaður.

Jón Þorkellsson  
skrifari.

Eggert Pálsson  
framsögum.